



Uppgjör 1F 2026



30. apríl 2026

Ásta S. Fjeldsted
Magnús Kr. Ingason



- **Starfsemin á 1F 2026**







- Í brennidepli – ELKO

- Uppgjör 1F 2026

- Staða og horfur

Helstu niðurstöður á 1F 2026

- í takti við áætlanir stjórnenda




Helstu atriði uppgjörs



- Rekstur félagsins gekk vel og í takti við áætlun stjórnenda.
- Heildartekjur jukust um 6,0% milli ára og jókst sala í flestum vöruflokkum í magni milli ára.
- Framlegðarstig nam 24,3% og lækkar um 0,1 p.p. frá 1F 2025 en 0,6 p.p. án áhrifa gengis, breytinga á heimsmarkaði eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti um síðustu áramót.
- EBITDA fjórðungsins hækkar um 3,0% milli ára.
- Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 32 millj. kr. en einkiptisáhrif í rekstrartengdum eignum og skuldum skýra mismun milli ára.



Fjöldi viðskiptavina og sala á fyrsta ársfjórðungi eykst milli ára



Aukning í innlendri og erlendri kortaveltu



2025 2026



Helstu fréttir af Festi og Bakkanum



Skuldabréfa- og víxlaútgáfa Festi

- Lokið var við sölu á nýjum **verðtryggðum skuldabréfaflokki** að nafnvirði **4,2 ma. kr.** á ávöxtunarkröfunni **3,95%**.
- Um er að ræða fyrstu útgáfu skuldabréfa hjá félaginu en um er að ræða endurfjármögnun á hluta af skuldum félagsins.
- **Nýr sex mánaða víxill**, FESTI260922 var **gefinn út fyrir 1 ma.kr.** að nafnverði á kjörum sem samsvara **7,9% flötum vöxtum**.



Annað nýtingartímabil kaupréttarkerfisins

- Kaupréttarkerfi fyrir allt fastráðið starfsfólk samstæðunnar var komið á 2024 með þremur nýtingartímabilum yfir þrjú ár.
- **Í lok mars 2026 voru 1.154 starfsmenn með kauprétti að 11,8 millj. hlutum sem er um 3,8% af hlutafé félagsins í dag.**
- Komið er að öðru nýtingartímabili kerfisins og líkt og í fyrra verður nýju starfsfólki boðið að koma inn í kerfið.



Kælivöruhús tekið í notkun í Bakkanum

- **Kælivöruhús fyrir ferskvöru Krónunnar** var tekið í notkun í **húsnæði Bakkans Skarfagörðum** á fyrsta ársfjórðungi 2026.
- Mikil tækifæri felast í að sjá sjálf um ávexti og grænmeti fyrir Krónuna sem er einn af mikilvægustu vöruflokkum verslunarinnar – **bæta gæði og ferskleika, ásamt hagræðingu og aukinni þekkingu.**



ELKO: Hápunktar á 1F 2026



Vefsala í vexti og jákvæð áhrif útsölu

- Hlutfall vefverslunar af sölu jókst og var **30,1%** á 1F á móti 26,8% í fyrra.
- Útsalan gekk vonum framur með **16% aukningu í sölu** í janúar.



Snjallgreiðslur ELKO vinsælar og í sókn

- ELKO snjallgreiðslur hafa fengið gríðarlega góðar viðtökur í vefverslun ELKO.
- Stofnað til ~1.100 neytendalána til vörukaupa á ársfjórðungnum.
- Stefnt er að innleiðingu í aðrar verslanir ELKO á 3F.



Snjallráðgjafi ELKO verðlaunaður

- Snjallráðgjafi ELKO fékk verðlaun **SVEF** sem gervigreind ársins.
- Þúsundir manns nota lausnina mánaðarlega.
- Lausnin er nú þegar í frekari þróun.

Krónan: Hápunktar á 1F 2026



Sterkur undirliggjandi vöxtur

- Afgreiðslum í verslunum fjölgaði um 5,3%.
- Selt magn jókst um 7,3% heilt yfir og meðalkarfa stækkar.



Stafrænn vöxtur sem styrkir arðsemi

- Velta Snjallverslunar jókst um 57% milli ára.
- Afgreiðslum fjölgaði um 43%.
- Aukin og endurtekin notkun viðskiptavina og mikil sókn í fyrirtækjaviðskiptum.



Endurnýjun Krónunnar í Lindum

- Krónan í Lindum er í yfirhalningu og verður glæsileg verslun opnuð á nýjan leik í byrjun júní.
- Undirbúningur hafinn fyrir opnun nýrrar verslunar á Höfn. Mikilvægur liður í áframhaldandi uppbyggingu og þjónustu víðs vegar um landið.



Krónan valin vörumerki ársins

- Verðlaun á ÍMARK fyrir Vörumerki ársins eru veitt því vörumerki sem hefur skarað fram úr í markaðssetningu, sýnileika og uppbyggingu sterkrar stöðu á markaði.



Lyfja: Hápunktar á 4F 2025



Lyfju appið í áframhaldandi sókn

- **25% aukning** í stafrænni sölu á fyrsta fjórðungi ársins.
- **Mars stærsti mánuður** í sölu í appinu frá upphafi.
- **Meðmælaskor** viðskiptavina í appinu hækkar um 7 punkta frá síðustu mælingu og er nú +54.




Lyfja kaupir Borgar apótek

- Lyfja hefur náð samkomulagi um **kaup á rekstri Borgar Apóteks í Borgartúni** af Einari Birgi Haraldssyni lyfjafræðingi.
- Kaupin eru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.
- Samhliða eru **framkvæmdir hafnar** á nýju apóteki á Völlumum við hlið Krónunnar.



Jurtaapótekið fer vel af stað

- Jurta apótekið var innleitt í Lyfju í mars og fer vel af stað.
- Í kjölfar innleiðingar hefur **velta í heilsuvöruflokknum nærri tvöfaldast** en einnig er boðin ráðgjöf samhliða vöruvali Jurtaapóteksins.



Lyfja.is á siglingu

- **40% veltuaukning** á nýjum vef Lyfju milli ára.
- **Lyfja.is fékk 2 tilnefningar** hjá SVEF, söluvefur ársins og fyrirtækjavefur.

N1: Hápunktar á 1F 2026



Jákvæð þróun lykilmælikvarða

- Afgreiðslufjöldi jókst um 16% á 1F milli ára.
- Fjöldi nýrra eldsneytisviðskiptavina tvöfaldaðist milli ára á 1F.
- 37% fjölgun vildarviðskiptavina á fjórðungnum til marks um jákvæða þróun.



N1 appið í áframhaldandi sókn

- Fjöldi virkra app notenda jókst um 76% á 1F milli ára.
- Mars var metmánuður seldra lítra í gegnum appið sem vex nú í nær hverjum mánuði.




Rafmagn sem borgar sig

- Framlegð af raforkusölu jókst um 133% á 1F milli ára.
- N1 korthafar fá nú sjálfkrafa kjaraverð á rafmagni og heimili í viðskiptum við N1 rafmagn safna nú 3% N1 punktum af hverjum reikningi.
- N1 punktar nýtast eins og krónur á stöðvum um allt land.



Nýr N1.is og sumarið undirbúið

- Nýr og endurhannaður vefur N1 fór í loftið í byrjun mars.
- Nýr matseðill fór í loftið á sama tíma við góðar undirtektir viðskiptavina. Markmiðið að bæta úrval og auka afköst.
- Viðamiklar endurbætur á Blönduósi standa nú yfir. Áætluð verklok í byrjun júní.



- Starfsemin á 1F 2026

- **Í brennidepli – ELKO**

- Uppgjör 1F 2026

- Staða og horfur

Eitt og eitt félag í brennidepli á fjárfestakynningum

– Óttar Örn Sigurbergsson, framkvæmdastjóri ELKO kynnir



Hlutdeildarfélög

BAKKINN
vöruhótel

Bakkinn rekur tvö vöruhús, í Skarfa-
gördum og Kletta-
gördum, sem sér-
hæfa sig í vöruhýs-
ingu, þökkun, vöru-
merkingu, afgreiðslu
og dreifingu á vörum
fyrir viðskiptavinum.

ELKO

ELKO er stærsta raf-
tækjaverslun lands-
ins með fimm verslun-
um ásamt einni
stærstu vefverslun
landsins.

KRÓNAN

Krónan er
lágvöruverðsverslun
sem rekur 26
verslanir um land allt
áuk Snjallverslunar.

LYFJA

Lyfja starfrækir 44
apótek og útibú allan
hringinn í kringum
landið áuk
vefverslunar og
apps.

N1

N1 rekur 29
þjónustustöðvar og
68 eldsneytis-
afgreiðslur um land
allt ásamt
bílaþjónustu og
verslunum.

Yrkir

Yrkir er
fasteignafélag Festi
og rekur og þróar
eignir og lóðir í
eignasafninu. Tæpir
100 þúsund
fermetrar af
atvinnuhúsnæði í
eigu eða rekstri
félagsins.



EAK ehf.

ebk ehf.

dropp

**ICELANDIC
FOOD
COMPANY**

VÍNPORTIÐ

HEILSA

Heilsuhúsið

**ÍSEY
SKYR**



ELKO

STAÐREYNDIR 2025

VERSLANIR



1.8 MILLJÓNIR
HEIMSÓKNA

VEFVERSLUN



8 MILLJÓNIR
HEIMSÓKNA

83% LANDSMANNA
HEIMSÆKJA
VEFVERSLUN

29% HLUTFALL AF
VELTU

MANNAUÐUR



4,2 AF 5 Í
STARFSÁNÆGJU

VIÐSKIPTAVINIR



94% ÁNÆGJA

200.000 EINSTAKIR
VIÐSKIPTAVINIR

1.000.000 VIÐSKIPTA

FYRIRTÆKI



22.000 FYRIRTÆKI
Í VIÐSKIPTUM


FYRIRTÆKI 18,5%
AF VELTU

YFIR 5.000 FYRIRTÆKI
NÝTTU
ÚTTEKTARHEIMILD Í
VEFVERSLUN




ÞRÓUN SÖLU

SÖLUÞRÓUN




LYKILHLUTFÖLL



LANDIÐ

- Sala pr íbúa nokkuð jöfn um allt land
- Öflug dreifing á alla staði
- Vefverslun sinnir öllum landsvæðum
- Sama verð á flutningi á þvottavél um allt land



VERSLANIR



ELKO SKEIFAN



ELKO LINDIR



ELKO AKUREYRI



ELKO KEF AIRPORT
BROTTFÖR OG KOMA



ELKO GRANDI
OKTÓBER 2026



ELKO SMÁRALIND
MAÍ 2026



ELKO SMÁRALIND

MAÍ 2026

- Opnum nýja verslun í Smáralind maí/júní 2026
- Stærð um 200fm
- Aðallega lítil raftæki, farsímar og tölvur
- Sama útlit og aðrar verslanir
- Við hlið nýju mathallarinnar, Garðurinn
- Áður voru þar Sbarro og Bacco





EIGNU ÓÐAN HÁRDAG

SLÉTT

LIÐA

BAÐVOGIR

STEFNA



STEFNA ELKO (2020)



SKÝR FRAMTÍÐARSÝN

LOFORÐ TIL VIÐSKIPTAVINA OG TIL SAMSTARFSFÉLAGA

AF HVERJU ERUM VIÐ Í REKSTRI



SKÝR ÁRANGUR Í STEFNUÁHERSLUM



VERSLANIR



STAFRÆN ÞRÓUN



ÞJÓNUSTA



SJÁLFBÆRNI



VINNUSTAÐURINN



23.000 VÖRUR Í
HRINGRÁS SÍÐUSTU 4
ÁR!



ELKO ER AÐ LIFA STEFNUNA! FRAMTÍÐARSÝN Í HÚS



ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR



njoo & myna 



FRAMTÍÐIN



NÝ STEFNUÁHERSLA



LANGTÍMASAMBAND





LANGTÍMASAMBAND

LANGTÍMASAMBAND VIÐ VIÐSKIPTAVINI

NÝTT 5 ÁRA PLAN

ERUM AÐ GERA



ÁBYRGÐIR, VIÐGERÐIR
OG VERKSTÆÐI



VIÐBÓTARTRYGGING
ELKO



ELKO
KLÚBBURINN



SNJALLGREIÐSLUR
ELKO

ÆTLUM AÐ GERA



EINSTAKLINGSMIÐUÐ
SAMSKIPTI



MÁNAÐARLEGAR
GREIÐSLUR



ELKO
KLÚBBURINN



ÞJÓNUSTU
SAMNINGAR



SJÁLFVIRK
SAMSKIPTI



REKSTRARLEIGA
ELKO

STAFRÆN ÞRÓUN



VIÐSKIPTAVINA-
UPPLÝSINGAKERFI
ELKO



HVERNIG ÆTLUM VIÐ AÐ STÆKKA

HREIN TÆKIFÆRI ÞAR SEM VIÐ KLÍPUM MINNST AF NÚVERANDI VELTU



FJÁRTÆKNI



FYRIRTÆKJAMARKAÐUR




AÐRAR MÁNAÐARLEGAR ÁSKRIFTIR



LANGTÍMALEIGA

EPOQ INNRÉTTINGAR




STAFRÆN ÞRÓUN



TAKK FYRIR





- Starfsemin á 1F 2026

- Í brennidepli – ELKO


- **Uppgjör 1F 2026**

- Staða og horfur


Rekstur 1. ársfjórðungs 2026

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	% Breyt.
Tekjur af vöru- og þjónustusölu	40.061	37.786	2.275	6,0%
Framlegð af vörusölu	9.747	9.212	535	5,8%
Leigutekjur og aðrar rekstrartekjur	564	549	15	2,7%
Laun og annar starfsmannakostnaður	(5.688)	(5.305)	(384)	7,2%
Annar rekstrarkostnaður	(2.057)	(1.967)	(90)	4,6%
EBITDA	2.565	2.489	76	3,0%
EBIT	1.080	1.100	(19)	-1,8%
Hagnaður tímabilsins	218	279	(61)	21,9%
Lykiltölur				
EBITDA/framlegð af vörusölu	26,3%	27,0%	-0,7 p.p.	-2,6%
Laun/framlegð af vörusölu	58,4%	57,6%	+0,8 p.p.	1,3%
Hagnaður á hlut	0,71	0,90	-0,19	-21,1%

EBITDA/framlegð (12m undirliggjandi)*




Arðsemi eigin fjár (12m undirliggjandi)*




- ◆ **Tekjur af vöru- og þjónustusölu** jukust um 2,3 ma.kr. eða 6,0% á milli ára en 8,6% án áhrifa gengis, HMV eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti.
- ◆ **Framlegð af vörusölu** nam 9,7 ma.kr. Aukningin nam 0,5 ma.kr. eða 5,8% á milli ára.
- ◆ **Framlegðarstig** nam 24,3%, lækkar um 0,1 p.p. milli ára en 0,6 p.p. án áhrifa gengis, HMV eldsneytis og breytinga opinberra gjalda á eldsneyti.
- ◆ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,7 ma.kr., hækkun um 0,4 ma.kr. eða 7,2% milli ára.
- ◆ **Stöðugildin** voru 1.675 á fjórðungnum, aukning um 64 eða 4,0% á milli ára.
- ◆ **Annar rekstrarkostnaður eykst** um 0,1 ma.kr. eða 4,6% milli ára.
- ◆ **EBITDA** nam 2,6 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2026, eykst um 3,0% milli ára.
- ◆ **Hagnaður fjórðungsins** nam 218 millj. kr. sem er lækkun um 61 millj. kr. milli ára.

Framlegð af vörusölu á 1F

Framlegð af vörusölu



- ♦ **Aukin vörusala** í öllum vöruflokkum nema eldsneyti og rafmagni frá fyrra ári.
- ♦ **Heildarframlegð** nam 9,7 ma.kr. og eykst um 5,8% frá fyrra ári.
- ♦ **Framlegðarhlutfallið á 1F 2026 var 24,3%**, lækkar um 0,1 p.p. frá síðasta ári en lækkunin væri 0,6 p.p. ef gengi, HMM og opinber gjöld á olíu væru þau sömu.
- ♦ **Framlegðarstig lækkar** í eldsneyti og rafmagni auk lyfsseðilsskyldum- og lausasölulufjum. Framlegð hækkar í öðrum flokkum.
- ♦ **Framlegð af dagvöru í krónum** eykst um 11,5% frá fyrra ári, **eldsneyti og rafmagni** minnkar um 10,6%, **raftækjum** eykst um 15,3% milli ára, **lyfsseðilsskyldum- og lausasölulufjum** eykst um 2,5% og **öðrum vörum** eykst um 1,2% milli ára.




Laun og starfsmannakostnaður á 1F 2026


Laun og starfsmannakostnaður 1F 2025	5.305
Stöðugildi - breyting	198
Samningsbundnar launahækkanir	198
Breyting í starfsmannakostnaði	-46
Aðrar breytingar	33
Laun og starfsmannakostnaður 1F 2026	5.688

- ♦ **Laun og starfsmannakostnaður** nam 5,7 ma.kr. og hækkar um 0,4 ma.kr. eða 7,2% á milli ára.
- ♦ **Stöðugildum fjölgar um 64 milli ára eða 4,0%**. Aukin stöðugildi vegna nýs kælivöruhús, Snjallverslunar og nýrrar verslunar í Smáralind.
- ♦ **Meðallaunakostnaður á stöðugildi hækkar um 4,4%** milli ára. Hækkun vegna samningsbundinna launahækkana 198 millj. kr. (3,5% hækkun 1. jan 26).
- ♦ **Í heildina þá nemur hækkunin milli ára 3,5%** án áhrifa aukningar í stöðugildum.

Laun og starfsmannakostnaður
Samanburður milli ára



Stöðugildi
Samanburður milli ára



ELKO - Helstu niðurstöður á 1F 2026



Raftækjaverslanir



Jafnvægisvugin 2025



Framúrskarandi
fyrirtæki 2025

- Tekjur námu 4,7 ma.kr., aukning um 304 m.kr. eða 7,0% á milli ára.
- Framlegðarstig hækkar um 0,1 p.p. frá síðasta ársfjórðungi og hækkar um 1,8 p.p. milli ára.
- EBITDA nam 351 millj. kr. sem er aukning um 98 millj. kr. eða 38,9% á milli ára.
- Hagnaður nam 107 millj. kr. sem er hækkun um 74 millj. kr. eða 222,8% milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	4.668	4.364	304	7,0%
Heildargjöld	(4.317)	(4.112)	(205)	5,0%
EBITDA	351	253	98	38,9%
EBITDA-hlutfall	7,5%	5,8%	+1,7 p.p.	29,9%
EBIT	174	78	96	123,1%
EBIT-hlutfall	3,7%	1,8%	+1,9 p.p.	108,6%
Hagnaður	107	33	74	222,8%

Krónan - Helstu niðurstöður á 1F 2026



Matvöruverslanir



Sjálfbærniásinn í
annað sinn



Ánægðustu viðskiptavinir
á matvörumarkaði

- Tekjur 20,5 ma.kr., hækkun um 2,4 ma.kr. eða 13,1% á milli ára.
- Sami fjöldi verslana, ný stærri verslun í Reykjanesbæ og fleiri staðir opna í Snjallverslun milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 0,2 p.p. frá síðasta ársfjórðungi en hækkar um 0,4 p.p. milli ára.
- EBITDA 1.598 ma.kr., sem er hækkun um 330 millj. kr eða 26,0% á milli ára.
- Hagnaður nam 711 millj. kr. sem er hækkun um 221 millj. kr. eða 45,1% á milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	20.480	18.111	2.369	13,1%
Heildargjöld	(18.882)	(16.843)	(2.039)	12,1%
EBITDA	1.598	1.268	330	26,0%
EBITDA-hlutfall	7,8%	7,0%	+0,8 p.p.	11,4%
EBIT	955	661	295	44,6%
EBIT-hlutfall	4,7%	3,6%	+1,0 p.p.	27,9%
Hagnaður	711	490	221	45,1%

Lyfja - Helstu niðurstöður á 1F 2026


44

Apótek og útibú



Jafnvægisvogin 2025



Framúrskarandi
fyrirtæki 2025

- Tekjur 5,2 ma.kr., aukning um 450 millj.kr. eða 9,5% á milli ára.
- Framlegðarstig lækkar um 1,4 p.p. milli ára og lækkar um 3,1 p.p. frá síðasta fjórðungi.
- EBITDA 346 millj. kr. sem er aukning um 4 m.kr. eða 1,1% á milli ára.
- Hagnaður nam 28 millj. kr. sem er lækkun um 3 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	5.185	4.735	450	9,5%
Heildargjöld	(4.838)	(4.392)	(446)	10,2%
EBITDA	346	343	4	1,1%
EBITDA-hlutfall	6,7%	7,2%	-0,6 p.p.	-7,7%
EBIT	54	78	(24)	-30,4%
EBIT-hlutfall	1,0%	1,6%	-0,6 p.p.	-36,4%
Hagnaður	28	31	(3)	-11,0%

N1 - Helstu niðurstöður á 1F 2026

94

Afgreiðslustaðir
eldsneytis

12

Hjólbarða og
smurverkstæði

16

Afgreiðslustaðir
rafhleðslu

- Tekjur námu 10,8 ma.kr., minnkun um 0,7 ma.kr. milli ára.
- Sala eldsneytis og rafmagns lækkar um 0,6 ma.kr. eða 6,8%. Magn í líttrum hækkaði um 18,5% milli ára.
- Framlegðarstig N1 lækkar um 0,6 p.p. milli ára. Leiðrétt fyrir áhrifum HVM eldsneytis og gengi gjaldmiðla er lækkunin 2,6 p.p milli ára.
- EBITDA nam 444 millj. kr. sem er lækkun um 316 millj. kr. eða 41,6% á milli ára.
- Tap á fjórðungnum nam 403 millj. kr., og eykst um 301 millj. kr á milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	10.821	11.516	(695)	-6,0%
Heildargjöld	(10.377)	(10.757)	380	-3,5%
EBITDA	444	760	(316)	-41,6%
EBITDA-hlutfall	4,1%	6,6%	-2,5 p.p.	-37,8%
EBIT	(386)	35	(421)	-1198,2%
EBIT-hlutfall	-3,6%	0,3%	-3,9 p.p.	-1268,8%
Hagnaður	(403)	(102)	(301)	293,5%

Yrkir - Helstu niðurstöður á 1F 2026


84

Fasteignir í eigu samstæðunnar


99%

Húsnæðis í útleigu


90%

Eigin not húsnæðis

- Tekjur 1,2 ma.kr., aukning um 96 m.kr. eða 8,7% á milli ára.
- Hreinar rekstrartekjur fasteigna (NOI) nam 994 m.kr. en var 925 m.kr. á 1F 2025, aukning um 7,5%.
- Hlutfall húsnæðis í útleigu hækkar um 1 p.p. eða upp í 99% í kjölfarið á kaupum á Dalakofanum og Hvaleyjarbraut 3 á síðasta ári.
- EBITDA nam 932 m.kr. sem er aukning um 8,9% milli ára.
- Gangvirðishækkun nam 62 millj. kr. sem er hækkun um 4 millj. kr. milli ára.
- Tap fjórðungsins nam 47 millj. kr. sem er aukning um 29 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyting	%
Heildartekjur	1.191	1.096	96	8,7%
Heildargjöld	(259)	(239)	(20)	8,3%
EBITDA	932	856	76	8,9%
EBITDA-hlutfall	78,2%	78,1%	+0,1 p.p.	0,1%
EBIT	449	389	61	15,6%
EBIT-hlutfall	37,7%	35,5%	+2,2 p.p.	6,3%
Hagnaður	(47)	(18)	(29)	164,3%


Efnahagsreikningur 31.03.2026

Milljónir króna	31.3.2026	31.12.2025	Breyt.	%
Rekstrarfjármunir	43.962	43.655	307	0,7%
Óefnislegar eignir	25.912	26.026	(114)	-0,4%
Aðrir fastafjármunir	19.567	19.415	152	0,8%
Fastafjármunir alls	89.441	89.096	345	0,4%
Birgðir	16.182	14.179	2.003	14,1%
Viðskipta- og skammtímakröfur	6.367	6.557	(190)	-2,9%
Handbært fé	4.220	5.929	(1.709)	-28,8%
Veltufjármunir alls	26.769	26.665	104	0,4%
Eignir samtals	116.210	115.761	449	0,4%
Eigið fé	44.971	47.684	(2.713)	-5,7%
Vaxtaberandi lán	23.543	24.016	(473)	-2,0%
Leiguskuldir	9.881	10.029	(149)	-1,5%
Tekjuskattskuldbinding	7.612	7.620	(8)	-0,1%
Langtímaskuldir alls	41.036	41.666	(629)	-1,5%
Vaxtaberandi lán	4.900	3.393	1.508	44,4%
Leiguskuldir	1.504	1.438	67	4,6%
Viðskipta- og skammtímaskuldir	23.797	21.581	2.216	10,3%
Skammtímaskuldir alls	30.202	26.411	3.791	14,4%
Skuldir og eigið fé alls	116.210	115.761	449	0,4%


Efnahagur stækkar um 0,4 ma. kr. á 1F 2026

- ◆ Fjárfest fyrir 1,4 ma. kr. á árinu.
- ◆ Birgðir hækka um 2,0 ma. kr., þar af 1,3 ma kr. vegna hækkandi HMM eldsneytis
- ◆ Úthlutaður arður 2,2 ma. kr. með annarra skulda.

Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA (12m undirliggjandi)



Eiginfjárlutfall



*Leiðrétt fyrir 750 millj. kr. stjórnvaldssekt í 4F 2024


Sjóðstreymi samstæðunnar á 1F 2026

Milljónir króna	1F 2026	1F 2025	Breyt.	%
Handbært fé í upphafi tímabils	5.929	4.075	1.854	45,5%
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.565	2.489	76	3,0%
Breytingar á rekstartengdum liðum	(1.671)	912	(2.583)	-283,3%
Vextir og skattar	(926)	(994)	68	-6,8%
Handbært fé frá rekstri	(32)	2.407	(2.439)	-101,3%
Fjárfestingar	(1.368)	(901)	(467)	51,8%
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	(77)	137	(213)	-156,1%
Fjárfestingarhreyfingar	(1.444)	(764)	(680)	89,0%
Viðskipti við hluthafa	(563)	0	(563)	0,0%
Viðskipti við lánastofnanir	326	(682)	1.008	147,8%
Fjármögnunarhreyfingar	(237)	(682)	445	-65,2%
Gengismunur af handbæru fé	5	(8)	12	162,6%
Handbært fé í lok tímabils	4.220	5.029	(808)	-16,1%


Sjóðstreymið litað af áhrifum einskiptisliða

- ♦ Aukin binding í birgðum vegna hækkunar á olíuverði um 1,3 ma. kr.
- ♦ Stytting gjaldfrests opinberra gjalda um 0,3 ma. kr.
- ♦ Óvenjulega há staða viðskiptakrafna um 1 ma. kr. í samanburðartölum.
- ♦ Handbært fé í lok fjórðungsins nam 4,2 ma. kr.

Viðskipti við hluthafa/hagnaður síðasta árs



*Að teknu tilliti til 2,2 ma. kr. arðgreiðslu í apríl 2026



- Starfsemin á 1F 2026

- Í brennidepli – ELKO

- Uppgjör 1F 2026


- **Staða og horfur**

Markaðstengdar upplýsingar


Hluthafar (10 stærstu)	%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	15,5
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	10,3
Gildi - Lífeyrissjóður	9,7
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	8,6
Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður	6,9
Stapi lífeyrissjóður	4,5
Birta lífeyrissjóður	3,9
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	3,5
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	2,8
Festa - lífeyrissjóður	2,1

Markaðsupplýsingar	31.3.2026	31.12.2025	Breyting
Útistandandi hlutir	307 m.	309 m.	-0,6%
Verð í lok tímabils	320 kr.	324 kr.	-1,2%
Markaðsvirði	98.352 m.kr.	100.161 m.kr.	-1,8%
Velta 12m	49.179 m.kr.	55.325 m.kr.	-11,1%
Fjöldi hluthafa	1.851	1.729	7,1%
Hagnaður á hlut (12M)	19,9	20,0	-0,7%

Gengi hlutabréfa á Nasdaq OMX



Hagnaður á hlut sl. 12 mánuði (kr. á hlut)



Horfur fyrir árið 2026

Staða og horfur

- ♦ **Horfur í rekstri eru ágæt**ar þrátt fyrir mikla óvissu í efnahags- og alþjóðamálum heilt yfir fyrir árið.
- ♦ **Stærsta óvissubreytan** eru þær **gríðarlegu sveiflur á heimsmarkaðsverði olíu** sem við búum við vegna ástandsins í Mið-Austurlöndum.
- ♦ **Gerum ráð fyrir svipuðum fjölda ferðamanna** og á síðasta ári en sumarmánuðirnir framundan eru mikilvægir í rekstri samstæðunnar.
- ♦ Áfram verður mikil áhersla lögð á **aukna hagræðingu og skilvirkni** í allri virðiskeðju samstæðunnar.
- ♦ **Félagið er fjárhagslega sterkt** og vel í stakk búið til að takast á við frekari vöxt og tækifæri til að efla enn frekar afkomu félagsins.

Afkomuspá og fjárfestingaspá Festi

- ♦ **EBITDA spá félagsins fyrir árið 2026** nemur **16.500 – 17.000 millj. kr.**
- ♦ **CAPEX spá félagsins fyrir árið 2026** nemur **7.500 – 8.000 millj. kr.**



Donald J. Trump
@realDonaldTrump

Iran can't get their act together. They don't know how to sign a nonnuclear deal. They better get smart soon! President DJT

NO MORE MR. NICE GUY! 🇺🇸



4.04k ReTruths 16.6k Likes

Apr 29, 2026, 8:05 AM

Myndrænt dæmi um þann ófyrirsjáanleika sem við búum við í heiminum í dag – færsla Donald J. Trump, forseta Bandaríkjanna á Truth Social 29.4.2026 og verð á brenti fór í 119 USD á tunnu sama dag.

Forsendur afkomuspár

- **Viðvarandi spennu í Mið-Austurlöndum** hefur skapað verulega óvissu í alþjóðamálum.
- **Verð á hrávörumörkuðum hafa hækkað** mikið vegna áhyggja af truflunum í aðfangakeðjum.
- **Verðbólga á Íslandi hefur aukist** og haldist hún út árið mun hún hafa áhrifa á vöru- og rekstrarkostnað í öllum flokkum.
- Gerum frekar ráð fyrir að **stýrivextir hækki örlítið** áður en þeir fari að lækka undir lok árs eða á næsta ári.
- Gert ráð fyrir að **raungengi krónu verði áfram hátt** með veikingu þegar líða tekur á árið.



A blue-tinted landscape featuring a body of water in the middle ground and a rocky, uneven shore in the foreground. The sky and the rocks are illuminated with a deep blue light, creating a serene and somewhat ethereal atmosphere. The water reflects the light, showing subtle ripples and textures.

Takk fyrir



◆ Fyrirvarar

- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem Festi hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskekular.
- ◆ Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu Festi hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- ◆ Þessi kynning er aðeins ætluð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur að ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. Festi hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- ◆ Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissupátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- ◆ Festi hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- ◆ Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.